

Miðvikudaginn 1. júní 1988.

Nr. 159/1988. **Ákærvaldið**
 gegn
Donnie Stewart og
Warren Wayne Wilson

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðilar hafa með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kærum 29. maí sl. Þeir krefjast þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann með vísun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Keflavíkurflugvallar 28. maí 1988.

Ár 1988, laugardaginn 28. maí er á dómþingi sakadóms Keflavíkurflugvallar, sem háð er á lögreglustöð Keflavíkurflugvallar við Alþjóðabraut af Sævari Lýðssyni ftr., kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögreglan í Njarðvík og Keflavík hefur krafist þess, að tveir bandarískir varnarliðsmenn, þeir Donnie Stewart, byggingu 753, Keflavíkurflugvelli, fæddur 13.06. '57 í Mississippi og Warren Wayne Wilson, byggingu 753, Keflavíkurflugvelli, fæddur 28.01. '62 í Tennessee, verði látnir sæta gæsluvarðhaldi í sjö daga allt til kl. 10:00 laugardaginn 4. júní nk.

Kærðu hafa mótmælt kröfu þessari.

Málavextir.

Miðvikudaginn 25. maí sl. barst rannsóknarlögreglunni í Njarðvík og Keflavík kæra frá Hjördisi Árnadóttur, félagsmálastjóra Njarðvíkurbæjar, og Guðbjörtu Ingólfssdóttur, fulltrúa barnaverndarnefndar í Njarðvíkum, um að tveir varnarliðsmenn hefðu haft samfarir við unglingsstúlkur í Njarðvík.

Rannsókn leiddi í ljós, að mánudagskvöldið þann 23. maí sl. og aðfaranótt þriðjudags 24. maí sl. fór fram samkvæmi í íbúð að Keflavík, þar sem X, fædd ...'69, er húsráðandi.

Í samkvæmi þessu voru fyrrgreindir varnarliðsmenn, þ.e. kærðu Donnie Stewart og Warren Wayne Wilson, sem gengur undir gælunafninu TC, framborið Tísi, X, Y, fædd ...'73, og Z, fædd ...'74.

Z, 13 ára gömul, hefur borið við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, að hún hafi drukkið nokkuð af áfengi, sem haft var um hönd í samkvæminu og kvaðst hún hafa orðið allmikið ölvuð. Hún segir, að þau hafi spilað fatapóker og þannig hafi þau byrjað að fækka fötum. Z kvaðst hafa haft samfarir við hvorn tveggja kærðu á svefnsófa í stofunni aðfaranótt þriðjudagsins 24. maí sl. af frjálsum vilja. Hún kvað X einnig hafa haft samfarir við þá báða umrætt skipti. Z kvað Y hafa séð sig og X liggja naktar á sófanum í þann mund sem Y hélt heim.

Y, 15 ára gömul, hefur borið við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, að hún hafi komið í samkvæmi þetta ásamt Z í boði X. X hafi veitt áfengi, vodka, sem hún kvaðst rétt hafa smakkað og ekkert orðið ölvuð. Hún kvað Z hafa orðið ölvuð. Þau hafi spilað fatapóker og fækkað fötum. Y kvaðst hafa farið heim um fjögurleytið um nóttina og reynt að fá Z með sér. Z og X hafi þá legið naktar á sófanum í stofunni. Y kvaðst ekki hafa haft samfarir við kærðu.

X hefur borið við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni að samkvæmið hafi átt sér stað í íbúð hennar að ..., Keflavík, umrætt skipti og að hún hafi veitt gestum sínum áfengi. X kvaðst ekki vita hvenær Y fór og kvaðst þá hafa verið sofnuð. Hún kvað allt tal um, að hún hafi átt í ástarsambandi við kærðu, vera út í hött og það sama sé að segja um Z.

X kvað Z hafa sofið á sófanum í stofunni til morguns, en sagði kærðu hafa farið rétt á eftir Y.

Kærði, Donnie Stewart, hefur við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni og fyrir dómi játað að hafa verið í samkvæmi þessu og að hafa dansað, spilað á spil og drukkið fram eftir nóttu. Kærði kvaðst hafa orðið mjög ölvuður og ekki muna atburðarásina vel þegar líða tók á nóttina. Hann kvaðst hafa sofnað um eittleytið, og um kl. 04:00 eða kl. 05:00 um morguninn hafi hann yfirgefið samkvæmið. Kærði neitar staðfastlega að hafa haft samfarir við nokkra stúlkanna.

Kærði, Warren Wayne Wilson, hefur borið við yfirheyrslur hjá rann-

sóknarlögreglunni og fyrir dómi að hafa verið í margnefndu samkvæmi. Áfengi hafi verið haft um hönd og hafi þau orðið mjög ölvuð nema feita stúlkan, þ.e. Y. Kærði kvað þau fyrst í stað hafa horft á sjónvarpið, síðan hafi þau spilað á spil og loks hafi þau dansað. Kærði neitaði staðfastlega að hafa haft samfarir við nokkra af stúlkunum.

Kærði kvaðst hafa yfirgefið samkvæmið um kl. 05:00 um morguninn ásamt kærða Donnie Stewart.

Kærðu hafa mótmælt kröfunni um gæsluvarðhald.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi.

Z, 13 ára gömul, hefur borið að hún hafi haft samfarir við hvorn tveggja kærðu. Framburður hennar og Y hefur verið á sömu lund um hvað fór fram þarna í samkvæminu og rennir það stoðum undir þær alvarlegu sakir, sem á kærðu eru bornar.

Kærðu eru grunaðir um háttsemi, sem varðar fangelsisrefsingu skv. XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar því ekki gæsluvarðhaldi til fyrirstöðu.

Með hliðsjón af framanröktu og með skírskotun til 1. tl. og 4. tl. 1. mgr. laga nr. 74, 1974, ber að taka kröfu rannsóknarlögreglunnar í Njarðvík og Keflavík til greina og ákveða, að kærðu sæti gæsluvarðhaldi allt til laugardagsins 4. júní nk. kl. 10:00.

Úrskurðarorð:

Kærðu, Donnie Stewart og Warren Wayne Wilson, sæti gæsluvarðhaldi allt til laugardagsins 4. júní nk. kl. 10:00.